

# Fimm íslenskir Bandaríkjameistarar í júdó U21

Sex íslensk ungmenni unnu til 6 gullverðlauna, 5 silfurverðlauna og 5 bronsverðlauna á júdómeistaramótum í Bandaríkjunum dagana 28.-30. júní og 5.-7. júlí. Enn er eitt meistaramót eftir en hópurinn er í fimm vikna ævintýraför um Bandaríkin, einskona júdópílagrímsför þar sem klúbbar eru heimsóttir og mikið æft.

Hópur ungs júdófólks er í ævintýralegri, fimm vikna ferð um Bandaríkin milli meistaramóta og æfinga í þarlandum júdóklúbbum. Að ferðinni standa Rúnar Þór Þórarinnsson aðstoðarþjálfari hjá Júdófélagi Reykjavíkur og María Huld Pétursdóttir einnig frá JR. Íþróttamennirnir eru á aldrinum 9 til 20 ára og koma frá tveimur íþróttafélögum. Júdófólkið eru þau **Áspór Loki Rúnarsson** (14), **Daníela Rut Daníelsdóttir** (19), **Sævar Þór Róbertsson** (20) og **Þórarinn Þeyr Rúnarsson** (9) frá JR og þeir **Grímur Ívarsson** (15) og **Úlfur Þór Böðvarsson** (14) sem koma frá júdódeild UMFS.

**Mynd 1 - Fimm Bandaríkjameistararitil, einn Mið- og Norður Ameríkutitill, 5 silfur og 5 brons eru í höfn. Þeir sem þegar hafa unnið Bandaríkjameistararitil eru Sævar vann +100 kg IJF, Þórarinn -38 kg Intermediate 2, Áspór -75 kg Juvenile 2, Daníela -78 IJF og Úlfur -81 kg Juvenile 2. Grímur (lengst t.v) keppir í -81 kg Cadet en þar er hann á yngsta árinu og á enn eftir krækja í klink.**



## Jr. Olympics Domestic

Fyrst keppti hópurinn á **Judo Jr. Olympics Domestic** sem aðallega er ætlað Bandaríkjamönnum, en þátttaka var leyfileg að gefnu leyfi Júdósambands Íslands. Það var auðsótt og hópurinn þakkaði fyrir sig með því að **Sævar**, **Daníela** og **Áspór** unnu til bronsverðlauna og **Úlfur** til silfurs, en þyngdarflokkum hans og Áspórs var blandað saman og þurftu þeir því að keppa silfurglímuna innbyrðis.

Mynd 2 - Hópurinn er nú staddur í Atlanta við æfingar hjá Waka Mu Sha, klúbbi Leo White (lengst t.h.). Leo heimsótti Ísland á síðasta ári í boði JSÍ og hélt sérstakt námskeið fyrir íslenska júðómenn. Leo og Bjarni Friðriksson áttust við á Ólympíuleikum í LA 1984 og hafði Bjarni við honum þar á eftirminnilegan hátt.



### Judo Jr. Olympics International

Daginn eftir kepptu þau svo á **Judo Jr. Olympics International** við keppendur frá enn fleiri löndum og gekk það mót hratt og vel fyrir sig. Nú var komið að **Daníelu, Sævari og Áspóri** að vinna til silfurverðlauna og **Úlfur** þurfti að sætta sig við brons en hann og Áspór lentu enn saman í flokki og nú hafði Áspór betur. Keppnin var gríðarlega hörð í þessum flokkum en barist var við keppendur aðallega frá N- og S-Ameríku en einnig var að finna stöku keppendur frá Evrópu og Asíu.

**Grímur** og **Þórarinn** höfðu ekki erindi sem erfiði en þeir lentu í erfiðri stöðu. Flokkur Gríms samanstóð af 15-17 ára unglungum en Grímur er á yngsta árinu og Þórarinn varð að keppa við börn sem eru undirbúin líkt og fullorðnir undirbúa sig ytra undir mót og skera niður fyrir vigtun og þyngja fyrir mót og eru því alla jafna með talsverða líkamlega yfirburði. Þetta tíðkast ekki á Íslandi því það er ekki talið heilbriggt til lengdar. Þeir börðust þó mjög vel, voru vel inni í glímunum og sýndu mikinn karakter.

### Fyrsta gullið kom á Central & North American Championships

Hópurinn allur vakti athygli fyrir íþróttamannslega framkomu, samstöðu og keppnisgleði og uppskar eftir því. Þeim var óvænt boðin þáttaka á **Central & North American Championships** sem fór fram strax að Jr. Olympic



Mynd 3 - Daniela með brons, silfur og gull eftir fyrstu þrjú mótin

International. Það var Perú sem bauð Íslendingunum þáttöku að kostnaðarlausu með samþykki þeirra Ameríkubjóða sem tóku þátt. Þetta þykir mikill heiður og íslenski hópurinn þakkaði fyrir sig með því að **Sævar** vann til silfur- og bronsverðlauna en hann keppti í tveimur flokkum. **Daníela** tók fyrstu gullverðlaun ferðarinnar eftir harða baráttu við Michelle Myers frá Bandaríkjunum en Myers hafði unnið hana á mótinu á undan. Það mót var einungis fyrir 15-20 ára og því sátu **Þórarinn**, **Áspór** og **Úlfur** á bekkjunum og hvöttu.

### Æfingar og meistaratitlar í röðum í Pennsylvaníu

Hópurinn ferðaðist svo þvert yfir Bandaríkin frá Texas til Pennsylvaníu og stoppaði í júdóklúbbum á leiðinni og æfði í óvæntu en ánægjulegu boði Bandaríkjamanna sem þau höfðu hitt í Dallas. Þá var komið að **Jr. Judo Open Nationals** sem varð hápunktur ferðarinnar enn sem komið er. Það mót hófst með því að **Þórarinn Þeyr** hrökk í gang og vann fyrsta Bandaríkjameistaratilinn fyrri mótisdaginn en þann dag keppti **Grímur** einnig og hann náði sér á strik en varð fyrir því óláni að grípa óvart um fót andstæðings síns þegar það mátti ekki og féll úr keppni í glímu sem var að vinnast.

Seinni mótisdagurinn var svo *Grand Slam* hjá hópunum. **Sævar Þór** reið á vaðið og vann gull í sínum flokki en hann barðist í +100 kg flokki við risavaxna andstæðinga frá Rússlandi og Bandaríkjunum. **Daníela** fylgdi á hæla honum og vann gull í -78 kg flokki. **Úlfur** og **Áspór Loki** lentu loksins í sitthvorum þyngdarflokknum eins og þeir eiga að vera og unnu allar sínar glímur af miklu öryggi á fullnaðarsigri.

### WOW er bakhjarl hópsins

Eitt sem háir íslensku júdófélki í fremstu röð er keppnisreynsla erlendis vegna ferðakostnaðar. **WOW Air** samþykkti að vera bakhjarl júdóhópsins og á það eftir muna miklu fyrir þessa júdómenn næstu árin.

Fylgjast má með framvindu ferðarinnar á [wowjudo.blog.is](http://wowjudo.blog.is)



Mynd 4 - Þórarinn Þeyr vann önnur gullverðlaun ferðarinnar og varð fyrstur til að vinna Bandaríkjameistartitil. Hér æfir hann með gríðarlega öflugum dreng Emilio Saucedo frá Texas.



Mynd 5 - Áspór, Sævar, Þórarinn og Daníela með Guðrúnu Valdimarsdóttur, aðstoðarmanni forstjóra WOW.

## Samantekt

Uppskeyra fyrstu tveggja helganna var sem sagt ríkuleg en samtals hefur hópurinn þegar hér er komið við sögu hlotið **6 gullverðlaun, 6 silfur og 5 brons** á þessum fjórum mótum.



Mynd 6 - Sævar gegn Mexíkönskum landsliðsmanni

21. júní heldur hópurinn í æfingabúðir til Flórída. Strax að því loknu fer fram lokamótið sem verður hið erfiðasta í ferðinni. Það er **Judo Jr. International Open** og fer fram í Ft. Lauderdale en þangað koma að jafnaði keppendur frá um 30 þjóðlöndum og eru um 1000 talsins.

*Rúnar Þór Þórarinsson, 1. Dan.  
Þjálfari og fararstjóri*